



Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

símafundur 24. febrúar 2014 kl. 13.00 – 14.00

Mætt eru á línuna: Davíð Samúelsson, Ásbjörn Jónsson, Elfa Dögg Þórðardóttir, Sigrún Kapitola Guðrúnardóttir, Anna Björg Stefánsdóttir, Þorvarður Hjaltason, Gunnar Þorgeirsson og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir

Kynningarmál

- **Vinna við gerð nýrrar heimasíðu**
 - Auglýsingar
 - Sameining vefsíðna [www.winterwonderland](http://www.winterwonderland.is) / www.south.is
 - Greinaskrif

Vonast til að ný síða geti skapað einhverjar tekjur. Ný síða verður eina gátt Markaðsstofunnar og Winterwonderland síðan verður tengd við nýju síðuna.

Davíð fór yfir það helsta sem ný síða á að hafa umfram þá gömlu og mikilvægi markvissar markaðssetningar á Suðurlandi.

Höfum haft samning við aðila um greinaskrif og rætt um mikilvægi þess að halda þessu áfram. Góð skrif og unnin af fagaðilum.

Sýningar

- Workshop Íslandsstofu í Kanada og TUR í Gautaborg
- Niðurstaða: Mannamót 2014, Roadshow Englandi og Mid-Atlantic 2014

Davíð fór yfir þær sýningar sem hann er búinn að heimsækja og þær sem eru framundan. Kostnað og mikilvægi. Workshopin með Íslandsstofu hafa verið að gefast mjög vel.

Mannamót gekk mjög vel og um 160 þátttakendur og 7-800 gestir. Þar af voru um 60 seljendur af Suðurlandi. Almenn ánægja var með viðburðinn og var þetta góður vettvangur fyrir ferðaþjónustuaðila og svæði til að kynna sig fyrir innlendum kaupendum.

Mid-Atlantik heppnaðist vel og var góð aðsókn á Suðurlandsbásinn. Markaðsstofan kom að skipulagi post-tours og voru ferðir kostaðar af ferðaþjónustuaðilum vegna ferðar í Mýrdalinn. Vegna ferðar á Hornafjörð sem var unnið með Flugfélaginu Erni sem þurfti að setja upp sér flugferð fyrir hópinn. Lagði markaðsstofan því fram 160 þús kr. til að greiða fyrir kostnaðinn.

Samstarfsverkefni.

- Fundaröð á Suðurlandi með Íslandsstofu / Inga Hlín Pálsdóttir „*Samtal um framtíð og samvinnu í markaðssetningu*“
- Verkefni tengd „Sóknaráætlun 2020“
 - Leynardómar Suðurlands, Fuglaklasi, Horse Expo, Hjólaklasi, könnun meðal Sunnlendinga um gjaldtöku á ferðamannastöðum o.fl

Fundirnir hafa gengið vel. Komu inn á fund í Freysnesi og svo voru haldnir tveir „samtals fundir“, á Hellu og Laugarvatni.

Sagt stuttlega frá þessum verkefnum sem tengjast Sóknaráætlun Suðurlands og hvernig þau standa. Hjólaklasi, fundur næstkomandi fimmtudag. Markaðsstofan er aðili í verkefninu og vill leggja áherslu á að vinna vel með þessu verkefni.

Niðurstöður úr könnun á gjaldtöku á ferðamannastöðum verða kynntar á næstu dögum. Starfshópurinn ætlar að kynna niðurstöður fyrir helstu hagsmunaaðilum ferðapjónustunnar, t.d. ráðuneytum og starfshópum þeirra og einnig fjölmiðlum. Davíð fór yfir frum niðurstöður.

Elfa spurði út í önnur samstarfsverkefni t.d. Gekon og umræða var um það.

Kynnisferðir um Suðurland

- 24 – 26. febrúar fjölmiðlaferð í samvinnu með Íslandsstofu
- Mars FAM-ferð í samvinnu með Íslandsstofu
- Mars / apríl í tengslum við „Leyndarmál Suðurlands“ kynnisferð fyrir innlenda söluaðila og leiðsögumenn

Davíð fór yfir ferðir innanlands framundan, sem verða um Suðurland og munu ná alla leið á Höfn.

25. feb fylgir Davíð fjölmiðlahóp á vegum Íslandsstofu frá Vík á Selfoss. Þema ferðarinnar er „Film in Iceland“, farið verður á tókustaði stórmynda sem teknar hafa verið upp á Íslandi. Þessi hópur flýgur á Höfn og fer um Ríki Vatnajökuls 24. feb.

Agentum frá Bretlandi verður boðið í FAM ferð í samstarfi við Íslandsstofu og Markaðsstofu Reykjaness í mars.

Davíð leggur til að innlendum söluaðilum, leiðsögumönnum og starfsfólki upplýsinga- og bókunarmiðstöðvum verði boðið í kynnisferð um Suðurland í tengslum við Leynardóma Suðurlands.

Fundir

- Aðalfundur 2014 Vík í Mýrdal 13. mars
 - Tilnefning stofnaðila í stjórn
 - Yfirskrift málpings
 - Annað

Aðalfundur framundan og tilnefningar vantar frá stofnaðilum sem fyrst. Davíð fór yfir það helsta sem verður á dagskrá fundarins og þau erindi sem verða flutt.

Erindi málpings:

Díana Mjöll Sveinsdóttir – Meet the Locals

Sigríður Kristjánsdóttir – Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Björg Erlingsdóttir – Ímynd ferðapjónustunnar

Önnur mál

Þátttaka MSS í Sunnlenska Sveitadeginum. Samþykkt af stjórn.

Davíð var með nokkrar fyrirspurnir frá tímaritum og fjölmiðlum hvort Markaðsstofan vilji kaupa auglýsingar fyrir sumarið. Ákveðið var að leggja ekki fjármagn í að auglýsa sumarið á Suðurlandi.

Fundi slitið kl 13:47